

Miðvikudaginn 30. september 1959.

Nr. 149/1959. **Nefndarhluti neytenda í verðlagsnefnd landbúnaðarafurða** (Ragnar Jónsson hrl.)

gegn

framleiðsluráði landbúnaðarins

(Sveinbjörn Jónsson hrl.)

og gagnsök.

Dómsendur:

hæstaréttardómarmennir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson, prófessor Ármann Snævarr og Valdimar Stefánsson sakadómari.

Verðlagning landbúnaðarafurða.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. ágúst þ. á. Krefst hann þess, að ákveðið verði með dómi, að gagnáfrýjanda „hafi verið óheimilt að hækka með auglýsingu sinni 18. september 1958 heildsöluverð á 1. verðflokki dillkakjots um kr. 0,85 pr. kg og smásöluverð hlutfallslega frá þeim verðlagsgrundvelli, er verðlagsnefnd landbúnaðarins lagði á fundi sínum 6. sept. 1958“. Þá krefst aðaláfrýjandi og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 14. september þ. á. Krefst hann sýknu af kröfum aðaláfrýjanda í málinu og málskostnaðar í héraði og hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Í lögum nr. 94 5. júní 1947 eru ákvæði um verðlagningu landbúnaðarafurða á innlendum markaði. Framleiðsluráð landbúnaðarins hefur samkvæmt 1. gr. á hendi aðalframkvæmd laganna, og í 8. tölulið 2. gr. er því sérstaklega falið það hlutverk „að verðskrá landbúnaðarvörur í samræmi við vísitölu hagstofunnar, sbr. 2. málgr. 6. gr. og 7. gr.“ Verðskráning takmarkast við það, sem mælt er í 4. gr. laganna, að söluverðið „skal miðast við það, að heildartekjur þeirra, er landbúnað stunda, verði í sem nánustu samræmi við tekj-

ur annarra vinnandi stétta“. Til þess að ná þeim tilgangi er ákveðið í 5. gr., að „við útreikning framleiðslukostnaðar og verðlagningu á söluvörum landbúnaðarins á innlendum markaði í heildsölu og smásölu skal samkvæmt ákvæðum 4. gr. byggt á verðgrundvelli, sem fenginn er með samkomulagi milli þriggja fulltrúa, sem tilnefndir eru af stjórn Stéttarsambands bænda, og þriggja fulltrúa frá þessum félags-samtökum neytenda: Alþýðusambandi Íslands, Landssambandi iðnaðarmanna, Sjómannafélagi Reykjavíkur.“ Hefur þessi nefnd fulltrúa framleiðenda og neytenda starfað undir nafninu verðlagsnefnd landbúnaðarafurða.

Samkvæmt því, sem fram hefur komið í málinu, hefur starfsskipting með framleiðsluráði og verðlagsnefnd orðið á þann veg í framkvæmdinni, að verðlagsnefndin hefur fyrst áætlað kostnað við rekstur bús af ákveðinni stærð, þar með taldar tekjur bónda af vinnu hans sjálfs, og jafnframt áætlað heildarmagn þeirra afurðategunda, sem ráðgert er, að til sölu komi. Eftir að þessi verðlagsgrundvöllur hefur verið fundinn, hefur svo framleiðsluráð verðskráð hinar einstöku vörutegundir til sölu á innlendum markaði, þannig að tekjur þær, sem bóndinn fær í hendur, svari til þeirra heildargjalda, sem ráð var gert fyrir í verðlagsgrundvöllinum. Virðist aðferð þessi og venja geta samrýmzt fyrir-mælum laganna um verðlagningu.

Á fundi verðlagsnefndar hinn 5. september 1958 varð samkomulag um útreikning á verðlagsgrundvelli landbúnaðarafurða tímabilið 1. september 1958 til 31. ágúst 1959. Var framleiðsluráði síðan send skýrsla um verðlagsgrundvöllinn, þar sem heildargjöld og heildartekjur bús voru tilteknar. Voru útgjöldin sundurliðuð með tilteknum fjárhæðum, og tekna megin var einnig greint, við hvaða afurðamagn væri miðað, en látið vera í eyðu til ákvörðunar framleiðsluráðs, hvaða verð bóndinn þyrfti að fá fyrir hinar mismunandi afurðategundir, til þess að heildartekjur svöruðu til heildargjalda. Kom þá ekki heldur til þess, að útsöluverð neinnar einstakrar vörutegundar, hvorki í heildsölu né smásölu, væri ákveðið af verðlagsnefnd. Fulltrúar neytenda í

nefndinni létu þó bóka þá athugasemd, að „við verðlagningu í heildsölu á kindakjöti sé reiknað með slátrunarkostnaði, sem sé ekki hærrí en kr. 5,50“.

Eftir að framleiðsluráð fékk umgetinn verðlagsgrundvöll, ákvað það, hvaða verð bóndinn þyrfti að fá í sínar hendur fyrir hverja einstaka afurðagrein, til þess að tekjur hans samsvöruðu gjöldum þeim, sem greind voru í verðlagsgrundvællinum. Meðal annars var ákveðið, að greiðsla til bóndans fyrir I. og II. flokks dillakjöt þyrfti að nema kr. 22,20 pr. kg. Mun þessi ákvörðun hafa verið tilkynnt verðlagsnefndinni.

Í auglýsingu framleiðsluráðs, dags. 18. september 1958, var heildsöluverð á kindakjöti í fyrsta verðflokki (I. og II. fl.) ákveðið kr. 24,59 pr. kg. Fulltrúar neytenda í verðlagsnefnd töldu þessa verðlagningu of háa og brjóta í bága við verðlagsgrundvöllinn. Litu þeir svo á, að verðið bæri að ákveða þannig, miðað við kg: Til bænda kr. 22,20 og til greiðslu á slátrunarkostnaði kr. 5,50, en að frádregnu framlagi úr útflutningssjóði, kr. 3,96. Samkvæmt því mætti heildsöluverð ekki vera hærra en kr. 23,74 pr. kg, og sé kjötið því of hátt verðlagt um kr. 0,85 pr. kg.

Framleiðsluráð hefur gert þá grein fyrir verðlagningunni, að bóndinn fái því aðeins þær tekjur, sem honum eru ákveðnar af verðlagsnefnd, að til hans renni kr. 22,20 pr. kg af öllu því kjötmagni (I. og II. flokks), sem við er miðað í verðlagsgrundvællinum. Nú þurfi hins vegar að selja á erlendum markaði allmikið magn af kjöti, og nægi útflutningsbætur samkvæmt 19. gr. laga nr. 33/1958 ekki til þess, að bóndinn geti fengið kr. 22,20 pr. kg fyrir hið útflutta kjöt. Hafi því verið nauðsynlegt að ákveða heildsöluverðið svo sem gert var, til þess að bændur fengju þær heildar tekjur, sem þeim voru mæltar í verðlagsgrundvællinum.

Í kröfugerð aðaláfrýjanda er við það miðað, að nefnd álagning, kr. 0,85 pr. kg í heildsölu, brjóta í bága við þann verðlagsgrundvöll, sem verðlagsnefnd hafði samþykkt, en eins og áður greinir, hafði hún ekki ákveðið neitt tiltekið verð á hverju kg kindakjöts. Í 4. gr. laga nr. 94/1947 er

mælt, að haga beri verðlagningu þannig, að tekjur bænda verði í sem nánustu samræmi við heildartekjur annarra vinnandi stétta. Í máli þessu hafa ekki verið leidd rök að því, að heildsöluverð kjötsins, eins og það var ákveðið af framleiðsluráði, fari í bága við greint lagaákvæði né auki tekjur bóndans fram úr því, sem ákveðið var í verðlagsgrundvellingnum. Þykir því bera að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, en eftir atvikum á málskostnaður fyrir Hæstarétti að falla niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 18. ágúst 1959.

Mál þetta, sem dómtekið var 22. f. m., hefur nefndarhluti neytenda í verðlagsnefnd landbúnaðarafurða, þeir Sæmundur Ólafsson, Einar Gíslason og Þórður Gíslason, höfðað á bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 11. nóv. 1958, gegn framleiðsluráði landbúnaðarins og krafizt þess, að viðurkennt verði með dómi, að stefnda hafi verið óheimilt að hækka með auglýsingu sinni 18. sept. 1958 heildsöluverð á I. verðflokkj dillkakjöts um kr. 0,85 pr. kg og smásöluverð hlutfallslega frá þeim verðlagsgrundvelli, er verðlagsnefnd landbúnaðarins lagði á fundi sínum hinn 6. sept. 1958, og að stefndi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar.

Stefnda hefur krafizt sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Málavextir eru þeir, að með yfirlýsingu, dags. 14. maí 1958, sögðu fulltrúar neytenda upp þeim verðlagsgrundvelli landbúnaðarafurða, er þá var í gildi, og samdægurs sögðu fulltrúar framleiðenda einnig upp grundvelli þessum. Kom þá til kasta verðlagsnefndar landbúnaðarafurða að semja nýjan verðgrundvöll samkvæmt fyrirmælum laga nr. 94 frá 1947. Á fundi nefndarinnar hinn 5.—6. sept. f. á. náðist samkomulag allra nefndarmanna um grundvöll. Heildarniðurstaða hans var kr. 133.296,00, en af þeirri fjárhæð komu kr. 45.844,00 á sauðfjárafurðir. Fulltrúar neytenda í nefndinni, þ. e. stefnendur í máli þessu, létu greinargerð fylgja atkvæðum sínum, og hljóðar hún svo: „Sam-

þykki neytendafulltrúa er byggt á því, að þeim hefur skilizt, að eftirfarandi verði gætt:

1. Við verðlagningu í heildsölu á kindakjöti sé reiknað með sláturkostnaði, sem sé ekki hærri en kr. 5,50.

2. Við verðlagningu á kindakjöti í smásölu sé álagning á súpukjöti og pörtum ekki ákveðin hærri að hundraðshlutum en nú er.

3. Við verðlagningu á mjólkurafurðum og mjólk sé ekki reiknað með hærri tilkostnaði en kr. 1,60.

4. Sölumjólk og heimamjólk í grundvellingum sé verðlögð á sama verði.

5. Sauðfjárafurðir, aðrar en kjöt, séu ekki verðlagðar í grundvellingum lægri en kr. 9.644,00.“

Fulltrúar framleiðenda í nefndinni létu fylgja atkvæðum sínum þessa greinargerð: „Fulltrúar framleiðenda taka það fram í sambandi við þessa greinargerð fulltrúa neytenda, að hún geti ekki takmarkað vald framleiðsluráðs landbúnaðarins til að verðskrá landbúnaðarvörur samkvæmt lögum um framleiðsluráð o. fl., en á hinn bóginn eru þau atriði varðandi verðlagningu landbúnaðarvara á nýbyrjuðu framleiðsluári, sem um ræðir í greinargerðinni, í samræmi við þær upplýsingar, sem fulltrúar framleiðenda hafa látið fulltrúum neytenda í té og miðaðar eru við ástand og horfur í dag.“ Ritari nefndarinnar sendi samdægurs landbúnaðarráðuneytinu og stefnda verðlagsgrundvöllinn og greinargerðirnar.

Hinn 18. s. m. gaf stefnda út auglýsingu um haustverð á kindakjöti og slátri, og var þar m. a. ákveðið, að heildsöluverð á kindakjöti í I. verðflokki skyldi vera kr. 24,59 hvert kg, og þess jafnframt getið, að verð þetta væri miðað við það, að sláturleyfishafar fengju greiddar úr útflutningssjóði kr. 3,96 fyrir hvert kg af dilka- og geldfjárkjöti, er þeir seldu frá 18. sept. 1958 og í október.

Hinn 7. okt. 1958 rituðu stefnendur stefnda svohljóðandi bréf: „Í verðlagsgrundvelli landbúnaðarafurða 1/9 1958—31/8 1959 er verð til bóndans á dilkakjöti I. og II. tilfært sem kr. 22,20 kg. Í auglýsingu framleiðsluráðs landbúnaðarins frá 18. sept. 1958 er heildsöluverð á I. verðflokki, þ. e. I. og II. gæðaflokki dilkakjöts, tilfært sem kr. 24,59, og er þá miðað við, að útflutningssjóður greiði sláturleyfishöfum kr. 3,96 pr. kg. Verð til sláturleyfishafa er því alls kr. 28,55 pr. kg eða kr. 6,35 herra en áður greint verð til bóndans.

Fulltrúum neytenda hefur skilizt, að þessi mismunur, kr. 6,35,

sé fundinn þannig, að við áætlaðan sláturkostnað, kr. 5,50, hafi verið bætt kr. 0,85 til verðjöfnunar milli kjöts, selds á innlendum markaði, og þess kjöts, sem áætlað er að selja á erlendum markaði.

Fulltrúar neytenda vilja hér með biðja framleiðsluráð um svar við eftirtöldum spurningum:

1) Er áðurnefndur mismunur á áætluðu verði til bóndans (kr. 22,20) og heildsöluverði (kr. 24,59 + kr. 3,96 = kr. 28,55) til kominn á þann hátt, sem nefnt er að framan?

2) Ef svo er, álitur framleiðsluráðið, að þessi verðlagning á söluvörum landbúnaðarins á innlendum markaði í heildsölu (og smásölu) sé í samræmi við ákvæði 5. og 29. gr. laga nr. 94 frá 1947?

Með tilliti til þess, að hér er um þýðingarmikið mál að ræða, viljum við biðja framleiðsluráðið um, að bréfi þessu verði svar að fyrir 10. þ. m. og að svarinu fylgi gögn, er að álitu framleiðsluráðsins hafa þýðingu til skýringar málinu.“

Stefnda svaraði fyrirspurnum þessum með bréfi, dags. 15. s. m., svohljóðandi:

„Framleiðsluráðinu hefur borizt bréf fulltrúa neytenda í verðlagsnefnd landbúnaðarafurða, dags. 7. þ. m., þar sem spurzt er fyrir um það, með hverjum hætti verðlagning dilkakjöts hafi farið fram á þessu hausti og hvort verðlagningin sé í samræmi við 5. og 29. gr. laga nr. 94 frá 5. júní 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl.

Þegar verðlagsráðinu barst hinn nýi verðlagsgrundvöllur í síðastliðnum mánuði, hafði það um tvennt að velja, hvað verðlagningu sauðfjárafurða snerti. Hið fyrra var að verðleggja á sama hátt og undanfarin ár, þ. e. að færa gærur og ull inn í grundvöllinn með því verði, sem áætlað er, að þessar vörur seljist fyrir ytra, án útflutningsuppbóta, og láta þær ganga allar yfir á kjötið eða þá að láta umræddar vörutegundir njóta uppbótanna að öllu eða einhverju leyti.

Ef fyrri leiðin hefði verið farin eins og undanfarin haust, hefði verðlagning sauðfjárafurðanna í grundvellingum orðið sem hér segir:

1375 kg dilkakjöts I. og II. fl.	á 23/16	kr. 31.845,00
121 — geldfjárkjöts og D III.	- 19/25 —	2.329,00
11 — — G I.	- 16/50 —	182,00
186 — ærkjöt I.	- 10/00 —	1.860,00
69 — — II.	- 8/00 —	552,00

368 kg gærur	á 8/35	kr. 3.073,00
240 — ull	- 10/00	— 2.400,00
120 st. slátur	- 30/00	— 3.600,00

Alls kr. 45.841,00

Samkvæmt þessu hefði hið óniðurgreidda heildsöluverð orðið kr. 28,66 pr. kg dilkakjöts, þ. e. kr. 23,16 + 5,50 = 28,66. Sjálf-sagt hefðu fulltrúar neytenda í verðlagsnefnd ekkert haft við þessa verðlagningaráðferð að athuga nú fremur en undanfarin haust.

Þótt sá háttur hafi verið hafður á að undanfögnu að færa allar uppbætur af ull og gærum yfir á útflutt kjöt og verð þess hækkað þannig, til þess að það næði grundvallarverði, þá virðist sú leið naumast eðlileg til lengdar, þar sem hún gæti valdið vanmati og vanhírðu á þeirri vöru, sem jafnan væri þannig svipt sínum réttu uppbótum.

Af þessum sökum var sú leið valin að láta ullina fá $\frac{2}{3}$ af útflutningsuppbótum þeim, er henni heyrðu til, en færa $\frac{1}{3}$ þeirra yfir á útflutt kjöt. Hækkaði þessi breyting ullarverðið í grundvellinum úr kr. 10,00 pr. kg í kr. 15,50, en lækkaði að sama skapi kjötverðið um 96 auru hvert kg. Heildsöluverð kjötsins var því ákveðið kr. 28,55 pr. kg eða heldur lægra en verið hefði með óbreyttri verðlagningaráðferð.

Þrátt fyrir þessa færslu $\frac{1}{3}$ af ullaruppbótum og allra uppbóta af gærum yfir á útflutt kjöt, vantar verulega á, að fullnægt verði ákvæðum 1. mgr. 4. gr. laga nr. 94 frá 1947. Var því ákveðið að leggja kr. 0,85 á kjötverð innan lands, sem þó nær ekki til að jafna helming þess, sem á mun vanta. Hlýtur slík verðjöfnun milli útflutts kjöts og kjöts, sem selt er á innlendum markaði, að vera heimil samkv. 29. gr., a-lið, nefndra laga. Ef miða ætti kjöt bænda samkvæmt 1. mgr. 4. gr., að því er kjöt varðar, eingöngu við kjöt selt á innlendum markaði, þá yrði ókleift að uppfylla ákvæði þessarar greinar, miðað við verð útflutts kjöts, eins og það er og hefur verið að undanfögnu. Til slíks getur löggjöfin eigi hafa ætlað.

Framleiðsluráðið telur, að því sé skylt að kappkosta að verðleggja búvörur þannig, að framleiðendur geti fengið grundvallarverð það, sem gildir á hverjum tíma, og að það sé á þess valdi að búa svo um hnútana, að það geti orðið, samanber 8. mgr. 2. gr. og 1. mgr. 4. gr. nefndra laga.

Væntir framleiðsluráðið þess, að framangreindar skýringar nægi.“

Eftir að fulltrúar neytenda höfðu ráðgast við þau samtök, sem þeir voru fyrir, höfðuðu þeir mál þetta, svo sem fyrr var sagt. Byggja þeir dómkröfur sínar á því, að stefnda hafi ekki heimild til þess í lögum að leggja verðjöfnunargjald vegna útflutnings á kjöti við verð það, sem neytendum innan lands beri að greiða. Halda þeir fram því, að ákvæði laga nr. 94 frá 1947, um verðgrundvöll, eigi eingöngu við um sölu landbúnaðarafurða innan lands, enda hafi ekki verið um að ræða útflutning á kjöti, þegar þau lög voru sett. Verðbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir hafi ýmist verið greiddar samkvæmt sérstakri ábyrgðarheimild ríkissjóðs eða samkvæmt sérstökum lögum, t. d. nr. 4 frá 1956, nr. 86 frá 1956 og nr. 33 frá 1958, og sýni þessar ráðstafanir, að stefnda sé ekki ætluð forsjá þeirra mála að neinu leyti. Álagi því, er mál þetta reis af, verði því ekki jafnað til annars en neyzluskatts, er ótvíræða lagaheimild þyrfti til að leggja á, sbr. 77. gr. stjórnarskrárinnar, en slík heimild sé ekki fyrir hendi. Stefndandi bendir og á það, að á öllu starfstímabili stefnda hafi ekki fyrr en nú komið til þess, að lagt sé sérstakt gjald á landbúnaðarafurðir seldar á innanlandsmarkaði til verðjöfnunar vegna útflutnings og að fyrirætlan stefnda í þessa átt hafi ekki verið hreyft á fundum í verðlagsnefndinni þannig, að unnt hefði verið að ræða málið og taka afstöðu til þess.

Stefnda byggir kröfur sínar á því, að verðlagning sú, er hér ræðir um, hafi verið framkvæmd með fullri heimild í lögum, í samræmi við venjur um starfsháttu og á hagstæðan hátt fyrir neytendur innan lands. Skýrir það verðskráninguna efnislega séð á þann hátt, er greinir í bréfinu frá 15. okt. sl., er tekið var upp hér að framan, og telur sig hafa með þessu móti reynt að gegna skyldu sinni samkvæmt 2. gr., 8. mgr., og 4. gr. laga nr. 94 frá 1947. Verðjöfnun þá, er í þessu felst, telur stefndandi í samræmi við ákvæði a-liðar 29. gr. sömu laga. Stefnda hefur og hreyft því, að deila sú, er mál þetta reis af, kunni að lúta úrskurði yfirnefndar þeirrar, sem greinir í 4. mgr. 5. gr. laga nr. 94 frá 1947, en það hefur ekki haft uppi neinar kröfur í því sambandi. Þar eð hér kann að vera að ræða um ástæðu til sjálfkrafa frávísunar málsins, er nauðsynlegt að gera grein fyrir valdsviði yfirnefndar þessarar svo og verðlagsnefndarinnar.

II. kafli laga nr. 94 frá 1947, þ. e. 4.—9. gr. að báðum með-

töldum, er um verðskráningu. Samkvæmt 4. gr. skal söluverð landbúnaðarvara á innlendum markaði við það miðað, að heildartekjur þeirra, er landbúnað stunda, verði í sem nánustu samræmi við tekjur annarra vinnandi stétta. Samkvæmt 5. gr. skal við útreikning framleiðslukostnaðar og verðlagningu á söluvörum landbúnaðarins á innlendum markaði í heildsölu og smásölu byggt á verðgrundvelli, sem fenginn sé með samkomulagi milli þriggja fulltrúa, sem tilnefndir eru af Stéttarsambandi bænda, og þriggja fulltrúa frá þessum félagasamtökum neytenda: Alþýðusambandi Íslands, Landssambandi iðnaðarmanna og Sjómannafélagi Reykjavíkur. Verði samkomulag með öllum nefndarmönnum, er það bindandi. Náist ekki samkomulag um einhver atriði snertandi útreikning framleiðslukostnaðar eða verðlagningu landbúnaðarvara, skal vísa þeim atriðum, er ágreiningi valda, til sérstakrar yfirnefndar, er fellir fullnaðarúrskurð um ágreiningsmálin.

Af framanskráðu er ljóst, að hlutverk yfirnefndarinnar er það eitt að skera úr um þau atriði, sem ágreiningur verður um milli fulltrúanna í verðlagsnefndinni, og því kom það ekki í hlut yfirnefndar að úrskurða í sambandi við verðlagsgrundvöllinn frá 6. sept. 1958, sem samþykktur var með atkvæðum allra nefndarmanna.

Verðgrundvöllur sá, er að framan var lýst, fær ekki talizt hin endanlega verðlagning á söluvörum landbúnaðarins, enda hvorki gert ráð fyrir því í lögunum né heldur í framkvæmd þeirra, eins og stefnda hefur ómótmælt lýst henni. Kveður það grundvöll nefndarinnar vera kostnaðarreikning um bú af ákveðinni stærð, en jafnframt sé í honum til tekið, hversu mikið vörumagn hinna ýmsu búgreina þetta bú framleiði. Hins vegar hafi það alltaf verið hlutverk stefnda að deila heildarupphæðinni niður á hinar einstöku búgreinar. Kveður það verð kjöts í 1. verðflokki hafa verið kr. 23,16 hvert kg, enda hafi allar útflutningsbætur fyrir ull verið látnar ganga til greiðslu á verðmun á söluverði kjötsins erlendis og innlendis. Nú hafi hins vegar aðeins $\frac{1}{3}$ hluti þessara bóta verið tekinn til kjötsins, en $\frac{2}{3}$ notaðir til að hækka ullarverðið í grundvöllinum, og hafi kjötverðið við það lækkað í kr. 22,20 hvert kg. Hins vegar hafi eigi verið unnt að tryggja framleiðendum grundvallarverð þetta á annan hátt en þann, sem hér var á hafður, en samt hafi heildsöluverðið til neytenda orðið lægra með þessu móti heldur en það hefði verið, ef fylgt hefði verið venju fyrri ára um þetta (þ. e. kr. 24,59 í stað kr. 24,70).

Samkvæmt lögum nr. 94 frá 1947 er það m. a. hlutverk stefnda að verðskrá landbúnaðarvörur í samræmi við vísitölu hagstofunnar, er reiknar hana á grundvelli verðlagsnefndarinnar. Framanritaðar skýringar stefnda um ástæður þær, er lágu til ákvörðunar hans um heildsöluverð á kindakjöti, hafa ekki verið vefngdar, en samkvæmt þeim var fjárhæðin nauðsynleg til tryggingar því, að framleiðendum yrði galdið það verð, sem gert var ráð fyrir í verðgrundvellingnum. Verður því eigi talið sýnt fram á það, að stefnda hafi farið út fyrir valdsvið sitt, að því er varðar þessa verðskráningu, og ber að taka sýknukröfu þess til greina, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefnda, framleiðsluráð landbúnaðarins, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, nefndarhluta neytenda í verðlagsnefnd landbúnaðarafurða í máli þessu, en málskostnaður falli niður.

—
Miðvikudaginn 30. september 1959.

Nr. 155/1959. Landbúnaðarráðherra vegna ríkisjarðanna
Holts, Fells, Álftagrófar og Keldudals
gegn
Kristjáni Bjarnasyni,
eiganda Norður-Hvols.

Dómendur:

hæstaréttardómaramenn Þórður Eyjólfsson, Jón Ásbjörnsson og
Jónatan Hallvarðsson, prófessor Ármann Snævarr og Valdimar
Stefánsson sakadómari.

Kærumál. Úrskurður héraðsdóms, sem hratt frávísunar-
kröfu, staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn kærða úrskurður hafa upp kveðið Jón Kjartansson, sýslumaður í Skaftafellssýslu, og samdómsmennirnir Ísleifur Árnason, fulltrúi borgardómara í Reykjavík, og Björn Björnsson, sýslumaður í Rangárvallasýslu.